

Heimild til sýslumanns til gagna- og upplýsingaöflunar vegna umsóknar um sanngirnisbætur á grundvelli laga nr. 47/2010.

Fullt nafn	Kennitala

Heimild til upplýsingaöflunar

Til að einfalda og flýta fyrir umfjöllun um erindi yðar, óskar sýslumaðurinn á Siglufirði eftir að fá heimild til að afla gagna sem kunna að vera í vörslu könnunarnefndar með vist- og meðferðarheimilum samkvæmt lögum nr. 26/2007 og/eða annarra aðila eftir ábendingu yðar sem fram kemur á umsóknareyðublaði um bætur.

Upplýst heimild og samþykki til gagna- og upplýsingaöflunar

Ég undirritaður/undirrituð veiti sýslumanninum á Siglufirði hér með heimild til að fá afhent gögn er varða dvöl mína á vistheimili sem fellur undir lög nr. 47/2010 og eru varðveitt hjá nefnd sem kannar starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn og starfar á grundvelli laga nr. 26/2007. Nær heimildin til allra gagna og upplýsinga sem máli geta skipt og hafa orðið til við vinnu nefndarinnar, en jafnframt þeirra gagna og upplýsinga er mig varða og nefndin hefur aflað frá öðrum aðilum. Undir þetta falla hljóðritanir af viðtölum, endurrit af hljóðritunum og afrit af rituðum gögnum, eins og upplýsingar frá barnaverndaryfirvöldum og hvað annað er kann að skipta máli til að meta rétt minn til skaðabóta. Heimild þessi fellur niður þegar umfjöllun sýslumanns um umsókn mína um sanngirnisbætur hefur lokið eða þegar ég afturkalla hana.

Undanskilin frá þessari heimild eru þó eftirfarandi gögn:

Þessa heimild þarf jafnan að undirrita með eigin hendi auk staðfestingar tveggja votta.

Staður og dagsetning

Undirskrift umsækjanda

Undirritun 1. vottar

Kennitala

Undirritun 2. vottar

Kennitala

VIÐTAKANDI:

**Sýslumaðurinn á Siglufirði
Gránugötu 4-6
580 Siglufirði**